

Kvörtun Bíósjálfsalans vegna SMS-þjónustu Landssímans

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 20. október 2000, kvartaði Árdís Þórðardóttir f.h. Bíósjálfsalans yfir SMS-þjónustu Landssímans. Í kvörtuninni kemur fram að fyrirtækið Bíósjálfsalinn sjái um rekstur á sjálfsölum fyrir leigu á myndböndum á höfuðborgarsvæðinu. Tölvubúnaður í þessum sjálfsölum sendi frá sér skilaboð með tölvupósti, sem send eru á ákveðið tölvupóstfang og þaðan áfram sem SMS-skilaboð í farsíma. Meðal annars komi boð um bilanir í sjálfsölunum með þessum hætti. Samið hafi verið um þessi fjarskipti við Landssímann sumarið 2000 og hafi þau gengið ágætlega, þar til í október er skilaboðin hafi hætt að berast í einn GSM-símann án nokkurs fyrirvara eða tilkynningar frá Landssímanum um að breytingar hefðu orðið á þjónustu fyrirtækisins. Viðkomandi sími sé þjónustaður af Tali hf., og hafi þær skýringar fengist hjá starfsmönnum Landssímans að hætt væri að senda SMS-skilaboð í síma frá Tali. Þar sem ekki væri hægt að rukka móttakanda boðanna fyrir gjald af þjónustunni. Telur Bíósjálfsalinn að með þessu brjóti Landssíminn gegn 17. gr. samkeppnislaga um bann við misbeitingu markaðsráðandi stöðu. Þá sé um að ræða brot gegn 20. gr. laganna um óréttmæta viðskiptahætti. Farið er fram á að lagt verði fyrir Landssímann að fara aftur að senda starfsmönnum Bíósjálfsalans SMS-skilaboð án frekari tafar.

II.

Málsmeðferð

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 26. október 2000, var Landssímanum sent afrit kvörtunar Bíósjálfsalans og óskað umsagnar um það. Sérstaklega var þess óskað að Landssíminn skýrði ástæður þess að SMS-þjónusta fyrirtækisins hafi verið takmörkuð með þeim hætti, að SMS-skilaboð séu ekki lengur send í símanúmer sem skráð séu hjá öðrum símafyrirtækjum.

Svör Landssímans bárust með tveimur bréfum, dags. 15. nóvember og 12. desember 2000. Þar kemur fram að sú þjónusta að áframsenda tölvupóst yfir í farsíma sem SMS-skilaboð hafi fram til þessa verið á tilraunastigi hjá Landssímanum og hafi því ekkert gjald verið innheimt fyrir hana. Ekki hafi verið samið við Bíósjálfsalann um þessa þjónustu, heldur virðist sem fyrirtækið hafi „á einhvern hátt komist að þessum möguleika og tengt tölvubúnað sinn þannig að hann sendi SMS skilaboð í farsíma sem þeir hafa skilgreint sem móttakanda.“ Þá kemur fram, að frá og með 15. desember 2000 verði þessi þjónusta almennt boðin fram til viðskiptavina í samræmi við gjaldskrá. Um ástæður þess að aðeins er unnt að senda SMS-skilaboð með þessum hætti í símanúmer hjá Landssímanum kemur fram að viðtakandi þjónustunnar sé sá sem greiði fyrir hana. Með öðru móti sé ekki hægt að innheimta gjald fyrir skilaboð, sem send eru af tölvu.

Með bréfi Landssímans frá 12. desember 2000 fylgdi afrit af tilkynningu til Póst- og fjarskiptastofnunar, þar sem umræddri þjónustu er svo lýst:

„Landssíminn hefur ákveðið að bjóða upp á nýja þjónustu sem byggist á sendingu SMS skilaboða frá tölvu í gegnum Internetið. Þjónustan býðst öllum GSM notendum Símans, annars vegar þeim sem eru í áskrift og skrifast þá notkunin á reikning viðkomandi, og hins vegar Frelsi notendum sem greiða fyrir þjónustuna á sama hátt og þeir greiða fyrir almenna SMS þjónustu. Um tvenns konar þjónustu er að ræða sem sótt er á heimasíðu VIT-þjónustunnar www.vit.is eða á heimasíðu Símans www.siminn.is.

[...]

Í öðru lagi “tölvupóstur í SMS” (kallað E-mail2SMS) þar sem GSM notendur Símans skrá símanúmer sitt fyrir móttöku á SMS skilaboðum frá tölvupósti. GSM notendur geta stýrt því í gegnum vefviðmótið hvaða tölvupóstföng geta sent þeim slík skilaboð. Fyrir hvert móttekið SMS skilaboð greiðir notandinn kr. 4,50.

Þessi þjónusta verður í boði frá 15. desember n.k.“

Umsögn Landssímans var send Bíósjálfsalanum til athugasemda með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 18. desember 2000. Í ljósi þess sem fram hafði komið af hálfu Landssímans um að umrædd þjónusta hafi ekki verið boðin almenningi var óskað upplýsinga um tildrög þess að Bíósjálfsalinn hefði tengst þjónustunni á sínum tíma.

Svar BÍÓsjálfsalans er dags. 10. janúar 2001. Þar kemur fram að þann 16. júní 2000 hafi verið send beiðni um þjónustuna í þjónustunetfang Skímu, Internetsþjónustu Landssímans, og jafnframt hafi átt sér stað samskipti í síma við starfsmenn Landssímans varðandi málið. Þjónustan hafi verið veitt og starfað eðlilega fram í október, er skilaboð hættu að berast í annan af tveimur GSM-símum fyrirtækisins, þann er var þjónustaður af Tali. Áfram hafi hins vegar borist boð í hinn símann, sem þjónustaður sé af Landssímanum. Ekkert hafi á sínum tíma komið fram af hálfu Landssímans um að þjónusta þessi væri tilraunaverkefni eða að vandkvæði væru á að verðleggja hana eða reikningsfæra.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 21. janúar 2001, var Landssímanum gefinn kostur á að koma að athugasemdum við svör BÍÓsjálfsalans, ef ástæða þætti til. Athugasemdir Landssímans bárust með símbréfi, dags. 5. febrúar 2001. Er þar meðal annars bent á að þjónustubeiðni BÍÓsjálfsalans hafi verið send Internetsþjónustu Landssímans. Það sé hins vegar farsímaþjónusta Landssímans sem reki SMS-þjónustuna. Tæknilega séð sé SMS hluti af farsímakerfinu en ekki því kerfi sem Internetsþjónustan byggir á. Hið venjulega sé að SMS-skilaboð séu send milli farsíma. Í þeim tilvikum sé engum vandkvæðum bundið að innheimta þjónustugjöld hjá þeim sem sendir boðin hvert svo sem þeim er beint. Í þessu tilviki sé hins vegar ekki sent úr farsíma heldur tölvu og verði því að innheimta þjónustugjöldin hjá viðtakanda skilaboðanna. Tæknilega sé ekkert sem standi öðrum farsímafyrirtækjum fyrir þrifum að bjóða sams konar þjónustu til sinna viðskiptavina.

III.

Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs þann 23. maí 2001 var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Tryggvi Axelsson, Ólafur Björnsson og Karitas Pálsdóttir

Mál þetta varðar að meginstefnu til það álitamál hvort sú ákvörðun Landssímans að takmarka áframsendingu tölvupósts sem SMS-skilaboða við sendingu í símanúmer hjá Landssímanum feli í sér misbeitingu á markaðsráðandi stöðu eða brjóti í bága við góða viðskiptahætti.

Sú þjónusta sem um ræðir í þessu máli er liður í GSM-símaþjónustu. Eins og fram kemur í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1999, *Erindi Tals hf. um verðlagningu á GSM-þjónustu Landssíma Íslands hf.*, telur samkeppnisráð að

líta beri á GSM-símaþjónustu sem sérstakan markað. Í þeirri ákvörðun kemur einnig fram það mat samkeppnisráðs að Landssíminn njóti einstakrar yfirburðastöðu á þeim markaði, með hliðsjón af markaðshlutdeild, styrkri fjárhagsstöðu, eignarhaldi á grunnfjarskiptakerfi og fleiri atriðum. Með vísan til þess sem rakið verður hér á eftir er hins vegar óþarft að fjalla frekar um stöðu Landssímans á markaði fyrir GSM-þjónustu.

Eins og fram hefur komið af hálfu Landssímans er sú þjónusta sem um er að tefla í þessu máli nokkuð frábrugðin almennri SMS-skilaboðþjónustu. Almenna tilhögunin er sú að SMS-skilaboð eru send úr farsíma og greiðir þá reikningseigandi farsímans, sem sent er úr, fyrir þau. Bæði Landssíminn og keppinautar hans á farsímamarkaði bjóða upp á slíka þjónustu. Í þessu máli er hins vegar um það að ræða að rétthafi tiltekins símanúmers heimilar að tölvupóstur frá tilteknum sendendum sé áframsendur til hans í formi SMS-skilaboða. Eðli máls samkvæmt verður þá því ekki við komið að sendendur greiði skilaboðin, þar sem þeir eru ekki nauðsynlega viðskiptamenn Landssímans. Kostnaður verður því að gjaldfærast á reikning viðtakandans. Ekki verður heldur séð að nein sérstök vandkvæði séu á því að aðrir seljendur GSM-farsímaþjónustu bjóði upp á sambærilega þjónustu. Að mati samkeppnisráðs styðst umrædd takmörkun við eðlileg rök og felur ekki í sér misbeitingu á markaðsráðandi stöðu.

Á hinn bóginn er ljóst af gögnum máls þessa að Bíósjálfsalinn hafði notið umræddrar þjónustu meðan hún var enn á gjaldfrjálsu tilraunastigi og að starfsmönnum Landssímans hafi verið um það kunnugt. Ekki er að sjá að Landssíminn hafi gert reka að því að kynna Bíósjálfsalanum að fyrirhuguð gjaldtaka myndi leiða til takmörkunar á þjónustunni, heldur var þjónustan rofin að hluta án viðvörunar. Samkeppnisráð telur að það hefði samrýmst betur góðum viðskiptaháttum að skýra notendum frá því að þjónustan yrði takmörkuð áður en sú takmörkun var framkvæmd. Ekki er þó ástæða til að grípa til sérstakra aðgerða gagnvart Landssímanum vegna þessa.

IV. Ákvörðunarorð

Að öllu framansögðu virtu telur samkeppnisráð ekki ástæðu til aðgerða í máli þessu.